

umræður, og athuga, hversu breyta mætti eða auka þessa starfsemi, þannig að hún efli raunverulega samvinnu milli verkamanna og atvinnurekenda og stuðli að betri sambúð manna á meðal í atvinnulífinu um heim allan. Þá er stjórnin beðin að semja raunhæfa stefnuskrá fyrir starfsemi ILO á þessu sviði á grundvelli tillagna, sem framkvæmdastjórinn gerir að lokinni nefndri rannsókn, og athuga, hvort ekki sé rétt að taka þetta mál á dagskrá þingsins síðar.

Ályktunin um verndun réttinda stéttarféлага felur í sér áskorun til allra ríkja um að fullgilda hinar tvær samþykktir um félagafrelsi. Einnig felur hún í sér tilmæli til stjórnar stofnunarinnar um að endurskoða þessar samþykktir, ef þess virðist þörf að lokinni athugun.

Austur-Evrópuríkin sátu einnig hjá við atkvæðagreiðslu um þessa ályktun.

Í ályktuninni um vinnuvernd og öryggi á vinnustöðum er skorað á aðildarríkin að fullgilda samþykkt nr. 32, um fermingu og affermingu skipa, og samþykkt nr. 62, um öryggisreglur í byggingaiðnaðinum. Lagt er til, að stofnaðar verði heilbrigðis- og öryggisnefndir á vinnustöðum og að rit ILO nái meiri útbreiðslu. Þá skal stjórnin athuga, hversu efla megi starfsemi stofnunarinnar á þessu sviði með ýmsum ráðum.

Í ályktuninni um friðsamlega nýtingu kjarnorkunnar er stjórnin beðin að ihuga, hvað ILO geti gert með leiðbeiningum og aðstoð til þess að auka nýtingu kjarnorku í friðsamlegum tligangi til þess að bæta lífskjörin og enn fremur á öðrum sviðum, er varða hlutverk ILO, svo sem varðandi öryggi og heilbrigði o. fl. Skal þetta allt athugað á grundvelli upplýsinga frá fundi Sameinuðu þjóðanna um kjarnorkumál, sem haldinn var í ágúst 1955.

Ályktunin um afvopnun og nýtingu þess, sem við hana sparast, ræðir um hinar ýmsu samþykktir, sem gerðar voru á 9. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, og í henni felst ósk um það, að starf afvopnunarnefndarinnar megi fljótlega verða farsælega til lykta leitt.

Fylgiskjöl.

I. Samþykkt nr. 104 um brot innfæddra verkamanna á vinnusamningi (1955).

1. gr.

Í sérhverju ríki, þar sem til eru einhver refsíakvæði við hvers konar brotum á vinnusamningi, eins og þetta er skilgreint í 2. málsg. 1. gr. samþykktar frá 1939, um refsíakvæði við brotum innfæddra verkamanna á vinnusamningi, sem framin eru af þeim verkamönnum, sem nefndir eru í 1. málsg. 1. gr. þeirrar samþykktar, skal þar til bært stjórnarvald gera ráðstafanir til þess, að slík refsíakvæði verði afnumin.

2. gr.

Þessar ráðstafanir skulu fela í sér, að öll slík refsíakvæði séu afnumin með viðeigandi aðgerðum tafarlaust.

3. gr.

Þar sem ekki verður talið, að viðeigandi aðgerðum verði við komið tafarlaust, skulu gerðar ráðstafanir til þess, að slík refsíakvæði séu afnumin smátt og smátt í öllum tilfellum.

4. gr.

Ráðstafanir þær, sem gerðar eru samkvæmt 3. gr. þessarar samþykktar, skulu jafnan tryggja það, að öll refsíakvæði séu afnumin eins fljótt og mögulegt er og aldrei síðar en ári eftir fullgildingu þessarar samþykktar.

5. gr.

Með það fyrir augum að afnema greinarmun á innfæddum verkamönnum og ekki innfæddum, skal afnema, að því er tekur til innfæddra verkamanna, refsíakvæði

við brotum á vinnusamningi, sem 1. gr. tekur ekki til og ekki ná til verkamanna, sem ekki eru innfæddir.

6. gr.

Formlegar fullgildingar á samþykkt þessari skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnu-
málaskrifstofunnar til skrásetningar.

7. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnu-
málaskrifstofunnar, sem hafa látið framkvæmdastjórann skrá fullgildingar sínar.

2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja
hafa verið skráðar hjá framkvæmdastjóranum.

3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert einstakt aðildar-
ríki, tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

8. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að tíu
árum liðnum frá fyrstu gildistöku hennar. Skal það gert með tilkynningu, er send
sé framkvæmdastjóra Alþjóðavinnu-
málaskrifstofunnar til skrásetningar. Slik upp-
sögn gengur ekki í gildi, fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.

2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér ekki
innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til
uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára
tímabil, og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að liðnu hverju tíu ára tíma-
bili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

9. gr.

1. Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnu-
málaskrifstofunnar skal tilkynna öllum að-
ildarríkjum Alþjóðavinnu-
málaskrifstofunnar skrásetningu allra fullgildinga og upp-
sagna, sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar framkvæmdastjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skráset-
ningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra
á, hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

10. gr.

Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnu-
málaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sam-
einuðu þjóðanna til skrásetningar samkvæmt 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna
allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi
við ákvæði undanfarandi greina.

11. gr.

Þegar stjórn Alþjóðavinnu-
málaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt,
skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar
og athuga jafnframt, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins breytingar á henni
allri eða hluta hennar.

12. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt allri eða hluta
hennar, skal:

- a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt ipso jure hafa í för með sér tafar-
lausa uppsögn á þessari samþykkt, hvað sem ákvæðum 8. gr. hér að framan liður,
ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma, er það gerðist;
- b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, eftir að hin nýja sam-
þykkt gekk í gildi;

enda sé ekki öðruvísi ákveðið í hinni nýju samþykkt.

2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru liður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni, hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana, en ekki hina nýju samþykkt.

13. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

II. Tillaga nr. 98 um orlof með kaupum (1954).

Þingið leggur til, að eftirgreind ákvæði verði látin koma til framkvæmda og að hver aðili tilkynni Alþjóðavinnuáskrifstofunni, eins og beiðzt hefur verið af stjórninni, hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar til þess, að svo verði:

1. (1) Sökum þess, hve margbreytilegar venjur ríkja með hinum ýmsu þjóðum, má fullnægja ákvæðum tillögu þessarar með hvort heldur opinberum ráðstöfunum eða sjálfviljuglega, með lagasetningu, með ákvörðunum lögskipaðrar kauplagsstjórnar, heildarsamningum af hálfu félagssamtaka vinnuveitenda og verkamanna eða úrskurði gerðardóms, eða með hverjum sem helst öðrum hætti, er samrýmist landsvenju, allt eftir því, sem hentar í hverju landi.

(2) Enda þótt valin sé einhver þeirra leiða, sem nefndar eru í (1) tölulið greinar þessarar, skyldi slíkt ekki vera til fyrirstöðu þeirri sérstöku þátttöku ríkisstjórna að grípa til allra stjórnskipulegra eða löglegra ráða, þegar framkvæmd af sjálfsdáðum, athafnir félagssamtaka vinnuveitenda og verkamanna eða heildarsamningar bera ekki skjótan og viðunanlegan árangur.

2. Neðangreindar aðgerðir gætu, meðal annarra, komið til álita af hálfu hlutaðeigandi stjórnarvalda í ýmsum löndum, eftir því sem þær ættu við:

- a. að hvatt sé til þess, að við heildarsamninga, tálmunarlaust gerða af samninga-nefndum beggja aðila, séu sett ákvæði um orlof með kaupum;
- b. að félagssamtök vinnuveitenda og verkamanna fái aðstoð til þess að koma sjálfviljuglega á fót skipulagi — eða, ef nauðsyn krefur, að lögbjóða slíkt skipulag — er meðal annars hefði vald til þess að ákveða um árlegt oflof með kaupum í tiltekinni atvinnugrein eða starfsemi;
- c. að veita þeim nefndum, er lögum samkvæmt ákveða um kauplag, vald til þess að fyrirskipa árlega orlof með kaupum, þar sem slíkar nefndir hafa ekki það vald nú þegar;
- d. að safna ýtarlegum upplýsingum um þau ákvæði, er lúta að árlegu orlofi með kaupum, og láta félagssamtökum vinnuveitenda og verkamanna þær upplýsingar í té.

3. Tillaga þessi tekur til allra þeirra, er hjá öðrum vinna, að undanskildum sæfarendum, starfsfólki hjá landbúnaðinum og við þau fyrirtæki, þar sem ekki vinna aðrir en skyldulið vinnuveitandans.

4. (1) Hver sá maður, er tillaga þessi tekur til, skyldi eiga rétt á árlegu orlofi með kaupum. Lengd orlofstímans skyldi sniðin eftir lengd þess tíma, sem leyfisþeginn hefur unnið hjá einum vinnuveitanda eða fleirum það ár, sem um er að ræða, og skyldi ekki vera skemmra en tvær vinnuvikur fyrir tólf mánaða starf.

(2) Hlutaðeigandi kauplagsaðilar í hverju landi mega, þar sem það á við, ákveða:

- a. tölu þeirra daga, er verkamaður skyldi hafa unnið til þess að öðlast rétt til hins árlega orlofs með kaupum, eða hluta hins árlega orlofs;
- b. með hverjum hætti reikna skuli starfstíma verkamanns á tilteknu ári til þess að ákveða um það árlega orlof með kaupum, er honum beri fyrir það ár.

(3) Það skyldi lagt í skaut hlutaðeigandi kauplagsnefndar í hverju landi að ákveða, að þegar starfinu lýkur áður en verkamaðurinn hefur innt af hendi tilskilda þjónustu til þess að öðlast rétt til árlegs orlofs með kaupum samkvæmt ákvæðum (1) og (2) töluliðs þessarar greinar, hvort hann skuli þá eiga rétt til orlofs með kaupum í